

1) Benedikt Arthursson og Hrönn Friðriksdóttir f.h. Aðalstrætis 9 ehf. mótmæla áformum um fjögurra íbúða byggingu er harðlega mótmælt vegna bílastæðamála. Frekar er hvatt til þess að þar verði byggt fyrir fjölskyldufólk í stað minni íbúða. Þau telja að tillagan rýri lífsgæði þeirra sem búa í nágrenninu og verðgildi eigna þeirra og fara fram á að tillögunni um byggingu fjögurra íbúða húss verði hafnað.

2) Skarphéðinn Reynisson og Júlía Margrét Guðbjargardóttir, dagsett 3. apríl 2017.

Vegna þrengsla í Innbænum telja þau við að bærinn verði að fylgja almennum skilmálum deiliskipulagsins þar sem krafa er um 2 bílastæði á hverja íbúð og samþykkja því aldrei að þarna verði byggðar 4 íbúðir. Athygli er vakin á að sótt verður um að steypa vegg á lóðarmörkum vegna hæðarmismunar og þrengist þá innkeyrsla sunnan við hús 12b. Umferð hefur aukist mikið vegna starfsemi Afslins í Gamla spítalanum.

3) Sólveig Eiríksdóttir, dagsett 10. apríl 2017.

Umræddum breytingum er hafnað og tekið er undir fram komnar athugasemdir frá nágrennum. Ítrekaðar eru ábendingar um þrengsli og skort á bílastæðum. Áskilinn er réttur til að koma með frekari athugasemdir.

4) Undirskriftalisti með 11 undirskriftum, dagsettur 31. mars 2017.

Ítrekuð eru fyrri mótmæli frá því í febrúar 2015. Nú tveimur árum síðar er orðið enn þrengra um íbúa á svæðinu hvað bílastæði varðar.

Svar:

Bílastæði: Tekið er undir áhyggjur íbúa vegna þrengsla í götunni, og rétt að gera kröfu um að bílastæðin séu leyst innan lóðarinnar. Krafa deiliskipulagsins um 2 bílastæði á hverja íbúð sem byggð er í Innbænum er þó óraunhæf vegna þrengsla og ekki í samræmi við bílastæðakröfur annars staðar í bænum, og gætir þá ekki jafnræðis meðal íbúa.

Þrengsli á lóðamörkum: Allir veggir á lóðamörkum eru leyfisskyldir og krefjast samþykkis beggja lóðarhaf. Ekki er því tekið undir þá athugasemd.

Verðgildi eigna: Ekki liggur fyrir nein rökstudd athugun þa því.

Fornleifar: Sviðsstjóri vekur athygli á að veggur frá Gamla spítalanum, sem stóð á lóðinni og brann, er eldri en 100 ára og telst því til fornleifa. Áður en deiliskipulag er samþykkt þarf að leita umsagnar minjavarðar um hann.